

Nr. 36.
11. júlí.

Lög

um

forgangsrjett kandidata frá háskóla Íslands til embætta.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Eftir að háskóli Íslands er tekinn til starfa, hafa þeir einir rjett til embætta hjer á landi, er tekið hafa embættispróf við háskólann. Þó á þetta að eins við þær fræðigreinar, sem þar eru kendar og próf er haldið í.

2. gr.

Undanþágu frá fyrirmælum 1. gr. má landsstjórnin eftir tillögum háskóla-ráðsins veita, sje um kennaraembætti við háskólann að ræða.

3. gr.

Læknisfræðingum, er sanna, að þeir hafi aflað sjer nægrar þekkingar í læknisfræði á erlendum háskólum eða öðrum slíkum mentastofnunum, má og landsstjórnin veita leyfi til þess að stunda hjer á landi lækningar, en leitað skal tillagna læknadeildar háskólans í hvert skifti áður slíkt leyfi sje veitt.

4. gr.

Þeir, er lokið hafa embættisprófi við Kaupmannahafnarháskóla í fræðigreinum þeim, sem hjer eru kendar á háskólanum, innan 5 ára eftir að háskólinn tekur til starfa, skulu hjer embættisgengir eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt. Þó má engum lögfræðiskandidat frá Kaupmannahafnarháskóla veita hjer embætti, er lagapróf þarf til, nema hann hafi lokið þar prófi innan 6 ára eftir að lagaskólinn tók til starfa.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 11. júlí 1911.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Fortrinsret til Embeder for Kandidater fra Islands Universitet.

Nr. 36.
11. Juli.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Efter at Islands Universitet har begyndt sin Virksomhed tilkommer Adgang til Embeder her i Landet alene dem, der have absolveret Embedseksamen ved Universitetet. Dog gælder dette kun de Fag, hvori der undervises og afholdes Eksamen ved samme.

§ 2.

Med Hensyn til Lærerembeder ved Universitetet kan Regeringen dispensere fra Bestemmelsen i § 1 efter Indstilling fra det akademiske Kollegium.

§ 3.

Til Medicinere, der godtgøre at have erhvervet tilstrækkelige Kundskaber i Lægevidenskaben ved udenlandske Universiteter eller andre lignende Dannelsesanstalter, kan Regeringen meddele Tilladelse til at praktisere her i Landet, dog at der i hvert enkelt Tilfælde skal indhentes Erklæring fra Universitetets medicinske Fakultet, inden en saadan Tilladelse meddeles.

§ 4.

De, der inden 5 Aar er forløbne efter at Universitetet har begyndt sin Virksomhed have absolveret Embedseksamen ved Københavns Universitet i de Fag, hvori der undervises ved Universitetet, skulle have Adgang til Embeder her efter de hidtil gældende Regler. Dog maa ingen juridisk Kandidat fra Københavns Universitet beskikkes i et Embede her i Landet, hvortil udkræves juridisk Eksamen, medmindre han har absolveret sin Eksamen sammesteds inden 6 Aar efter at Lovskolen begyndte sin Virksomhed.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.

Kristján Jónsson.

Jon Krabbe.